



Hildur Ósk Kolbeins
Mánalind 11
201 Kópavogi

Dagsetning 8.5.2025
Málsnúmer URN25040098

Undanþágubeiðni vegna daggæslu að Borgartúni 21

Vísað er til erindis Hildar Óskar Kolbeins, dags. 1. apríl sl., sem barst ráðuneytinu þann 22. apríl sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá 27. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti um að daggæsla sé starfrækt í heimahúsi, með vísan til 41. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Rökstuðningur undanþágubeiðni

Fram kemur í erindinu að húsnæðið hafi verið tekið út af byggingarfulltrúa og hann hafi gefið heimild fyrir starfseminni. Einnig sé búið að taka út húsnæðið af brunavörnum og heilbrigðiseftirliti.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) til framangreinds erindis Hildar Óskar þann 23. apríl sl. Í umsögn HER, dags. 29. apríl sl., kemur fram að Hildur Ósk Kolbeins hafi sótt um starfsleyfi fyrir daggæslu 6-10 barna að Borgartúni 21 með starfsleyfisumsókn dags. 27. mars 2025. Fulltrúar HER fóru í úttekt í rými daggæslunnar í Borgartúni 21 þann 31. mars sl. og var aðstaðan skoðuð með tilliti til hollustuhátta, hreinlætis og öryggis.

Aðstaða daggæslunnar er í kjallara húsnæðisins sem er fyrrum skrifstofur og fundarherbergi Arion banka. Eftir breytingar skiptist rými daggæslunnar í stórt forstofuherbergi með fatahengi fyrir útiföt barna og plássu fyrir vagna. Þar er gengið inn í stórt rými þar sem er opið eldhús og leiksvæði barna auk tveggja salerna og skiptiaðstöðuherbergi með skolvaski og handlaug. Búnaður í eldhúsi eru kæli, uppþvottavél, hitaplatti og handlaug. Eldhúsið verður móttökueldhús og verður allur matur eldaður í eldhúsi Arion banka. Tvö bogadregin borð eru fyrir framan eldhús með barnastólum og öryggisbeislum. Við hliðina á eldhúsi er svefnherbergi/leikherbergi barna. Dýnur eru til staðar fyrir börnin og börnin munu sofa inni. Dagforeldrar munu útvega lök á dýnur og þrifa sængurfatnað, þvottastykki, tuskur og viskustykki í þvottaaðstöðu Arion banka. Leiksvæði barna eru rúmir 3 fermetrar á hvert barn miðað við 10 börn. Loftræsing er vélræn og eitt opnanlegt fag er í aðalrými. Búið er að yfirfara loftræstikerfið að söfn dagforeldris. Sér ræstiherbergi er fyrir daggæsluna sem er staðsett á gangi í kjallara og verða sér tuskur og moppur fyrir daggæsluna. Ræstitæknir frá Arion banka mun sjá um dagleg þrif á daggæslunni. Byggingafulltrúinn í Reykjavík hefur gefið út vottorð um lokaúttekt á breytingum í kjallara dags. 27. mars sl.

HER gefur jákvæða umsögn við að undanþága verði veitt frá fyrrnefndu ákvæði 27. gr. reglugerðar, nr. 903/2024 um að starfrækja daggæslu utan heimilis að Borgartúni 21.

Undanþága veitt með skilyrðum

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 getur ráðherra þegar sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfis- og orkustofnunar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt 4. og 5. gr. laganna. Nánar er fjallað um undanþágu ráðherra í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 903/2024, þar sem fram kemur, auk framangreinds, að óski rekstraraðili eftir slíkri undanþágu skal skriflegri beiðni beint til ráðherra þar sem tilgreina skal með skýrum hætti frá hvaða skilyrði óskað er eftir undanþágu og í hvaða grein það er að finna, umbeðinn gildistíma undanþágu og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort aðstæður máls séu svo sérstakar að veita skuli undanþágu í umbeðnu tilviki. Veiti ráðherra undanþágu samkvæmt þessari grein skal heilbrigðisnefnd kveða á um hana í starfsleyfi, þar sem við á.

Með vísan til þess sem að framan greinir, þ.e. að húsnæðið að Borgartúni 21 hefur fengið jákvæða umsögn, fellst ráðuneytið á að veita Hildi Ósk Kolbeins umbeðna undanþágu frá 27. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 903/2024 hvað varðar skilyrði um að daggæsla sé í heimahúsi, vegna Borgartúns 21, í svo langan tíma sem fyrirhugað starfsleyfi mun gilda.

Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrði:

HER muni gefa út starfsleyfi vegna starfseminnar að Borgartúni 21 og kveða á um undanþágu þessa í því starfsleyfi.

Starfsemi daggæslu er starfsleyfisskyld og háð eftirliti HER. HER skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur vegna framangreindrar daggæslu.

Jafnframt er vakin athygli á að um starfsemina gildir m.a. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005, en samkvæmt 3. gr. a. reglugerðarinnar veitir Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og hefur eftirlit með gæðum þjónustu á grundvelli laga nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Með vísan til leiðbeiningarskyldu stjórnvalda beinir ráðuneytið því til umsækjanda að sækja um slíkt leyfi, hafi það ekki þegar verið gert.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Trausti Ágúst Hermannsson

Guðmundur B. Ingvarsson